



# Fréttabréf

## Íslenska bútaumsfélagsins

Útgefandi Íslenska bútaumsfélagið, Austurbrún 21, 104 Reykjavík  
1. tbl. 12. árgangur 2012



Blómálfarnir, stærð 115 x 173

# Husqvarna í 140 ár

---

1872



2012



## Tribute 140C

er afmælisútgáfa Husqvarna.  
Frábær vél í bútasauminn!  
Flott taska undir fylgihluti fylgir með.

Við tökum vel á móti ykkur.

# Efnisyfirlit

Námskeið og sýnikennsla .....	4
Blómálfarnir hennar Stínu .....	5
Amishfólkið .....	6
Húsatöskur .....	8
Skraddaralýs .....	9
Skurður fyrir Amish-körfu .....	12
Hetjuteppi .....	12
Bókaumfjöllun .....	13
Bútasaumsklúbburinn Ölfurnar .....	16
Lótusblóm .....	18
Blokkahappdrætti .....	20
Bútasaumsamkeppni Gütermann og Storksins .....	21
Fræðsluhornið - Nálar .....	22
Fréttatilkynning frá „Munaðarleysingjunum“ ..	23
Sýning í Perlunni .....	23

**Teppið á forsíðunni** er saumað af Kristínu Sigurrós Jónsdóttur og heitir Blómálfarnir. Stærð teppisins er 115 x 173 cm.

**Töskurnar á baksíðunni:** Björk Arnardóttir saumaði töskuna til vinstri og Lovísa Jónsdóttir saumaði töskuna til hægri.



**Quiltbúðin**  
bútasauður · handavinnu · garn

**Quiltbúðin** - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri  
Sími 461 2241 - [www.quiltbúðin.is](http://www.quiltbúðin.is)

**Útgefandi:** Íslenska bútasaumsfélagið

**Ábyrgðarmaður:** Lovísa Jónsdóttir

**Ritnefnd:** Margrét Óskarsdóttir  
[margreto@lv.is](mailto:margreto@lv.is)  
Þórunn Oddsdóttir  
[thorunno@lv.is](mailto:thorunno@lv.is)

**Heimilisfang:** Austurbrún 21, 104 Reykjavík  
**Sími:** 553 6401

**Heimasíða:** [www.butasauður.is](http://www.butasauður.is)

**Netfang:** [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)

**Umbrot og prentun:** Leturprent

**Prófarkarlestur:** Kristín Jónsdóttir  
og Valgerður Óskarsdóttir

## Frá formanni

Fáar hannyrðir hvetja til jafnmikils félagsskapar og bútasauður. Þess vegna erum við með klúbba og félög til að hittast, sýna og skoða verk annarra. Í Bandaríkjunum hjálpa konur að við að handstinga teppi og er gaman að sjá þær sitja í hring og stinga sama teppið.

Vorið er á næstu grösum svona þegar páskaheitið hefur lokið sér af. Vetrarstarfið okkar er senn að baki og undirbúningur fyrir aðalfundinn á fullu. Á næsta aðalfundi verður kosinn gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Þá verður kosið í Sýninga- og fræðslunefnd.

Þrátt fyrir veðurhörku og ófærð tókst að halda alla auglýsta fundi á réttum tíma í vetur nema einu sinni þegar allt var á kafi í snjó. Við bættum þann fund upp með auka- saumadegi á laugardegi en héldum okkur við áður auglýsta dagskrá.

Í haust er áætlað að vera með sölusýningu í Perlunni og er undirbúningur þegar hafinn. Nú geta félagskonur eða jafnvel heilu bútasaumsklúbbarnir tekið sig saman og saumað til að safna fyrir næstu bútasaumsferð eða bara fyrir nýjum efnispakka. Vonandi fáum við góðar undirtektir við sýningunni sem áætlað er að halda í sumarlok. Nánar er fjallað um sýninguna á bls. 23 í blaðinu.

Óska ykkur gleðilegs sumars og góðs samsstarf.

*Kveðja*

*Lovísa Jónsdóttir*

## Aðalfundarboð

Dagskrá Aðalfundar Íslenska bútasaumsfélagsins hefst kl. 10:30 í Gerðubergi, laugardaginn 12. maí 2012 með venjulegum aðalfundarstörfum.

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrirboðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Fundi slitið



# Námskeið og sýnikennsla á aðalfundi Íslenska bútaumsfélagsins, 12. maí 2012

## Frjáls útsaumur á saumavél.

**Kennari:** Sveina Björk Jóhannesdóttir.

Kl. 13:00 – 17:00, verð kr. 6.000,-

**Námskeiðslýsing:** Viltu ná meiru út úr saumavélinni þinni? Lærðu einfaldan útsaum á "venjulega" saumavél. Farið verður yfir grunnaðferðir í frjálsu útsaum og gerðar tækniprufur sem nýtast til áframhaldandi vinnu. Þetta námskeið er fyrir þá sem eru vanir að sauma og vantar meiri tækni.

Þátttakendur hafi með sér efni, tvinna og saumavél, útsaumsfót á vél ef þarf. Einnig er gott að hafa með sér útsaumshring og hefðbundin saumaáhöld.

## EQ – forritið.

**Kennari:** Iðunn Leifsdóttir.

Kl. 13:00 – 16:00, verð 4.500,-

**Námskeiðslýsing:** Sýnd / kennd verður notkun og hönnun í forritinu á sýningatjaldi. Best er að vera með eigin tölvu en líka er hægt að sitja námskeiðið og kynna forritinu. Kennt verður á EQ-6.

Koma með eigin tölvu með EQ-forritinu uppsettu, skriffæri og blöð/bók.

## Bollamotta/diskamotta/löber

**Kennari:** Margrét Ósk Árnadóttir.

Kl. 13:00 – 16:00, verð 4.500,-

**Handsaumur.** Grunnkennsla í japönsku broti. Skemmtileg handavinna við ýmis tækifæri. Saumaðar verða 4x4" blokkir (yfirborð+vatt+bak allt í einu), hver á sínum hraða. Fjórar blokkir þarf í lítinn dúk, sex blokkir í bollamottu, tólf í diskamottu og tólf í löber.

**Hafa með á námskeiðið:** Grunnefni/bak 50 cm, yfirborðs-efni 25 cm, (ef valið er einlitt efni í bak að velja þá mynstrað í yfirborð og öfugt), bómullarvatt eða dúkavatt 25 cm, (efnið er nóg í 12 blokkir), þræðitvinna og langa nál, sterkan tvinna og nál nr. 10. Auk þess litla stiku (4"), litla skurðarmottu, hníf, textílskæri, pappírsskæri, textílpenna og blýant; straujárn og ferðastraubretti. Pappír verður á staðnum.

Nánari upplýsingar gefur Margrét Ósk Árnadóttir í síma 551 8619 og 892 8619.

## Sexhyrningar og feringar.

**Kennari:** Ásta Björnsdóttir.

Kl. 13:00 – 16:00/17:00, verð 4.500/5.000,-

**Námskeiðslýsing:** Handsaumur. Kennd verður undirstaða og samsetning sexkanta og feringa. Sexhyrningarnir eru þekktastir í notkun á „grandma's garden“ en feringarnir í „tumbling blocks“.

Þátttakendur komi með efni, gott að nota scrap-efni, þræðitvinna, góðan saumatvinna, nálar, skæri fyrir efni og önnur fyrir pappír.



Feringar.



Sexhyrningar.

# Blómálfarnir hennar Stínu

Á forsíðunni er fallett blómálfateppi eftir Kristínu Sigurrós Jónsdóttur sem er mikil hannyrðakona. Hún byrjaði í bútasáumi árið 1995 og síðan



hafa mörg teppi litið dagsins ljós. Flest þeirra gefur hún og hafa fjölskyldumeðlimir notið góðs af. Kristín vann lengi á saumastofu Kápunnar á Laugaveginum, sem margar konur og karlar muna án efa eftir. Þar lærði hún að taka mál og sauma

kápur og dragtir. Þá þýddi ekki annað en að vanda handbragðið og sést það vel á þeim verkum sem Kristín hefur saumað í gegnum tíðina. Þegar Kristín hefur lokið við bútasauðinn sjálfan tekur við handstungan, en hún stingur allt í höndum. Það sést vel á teppinu sem er á forsíðunni sem er einstaklega vel kappmellað og stungið. Kristín hefur einnig tekið að sér að sauma teppi og þess háttar fyrir aðra,

Á hjónarúminu er gullfallett „Crazy Quilt“ teppi í ljósum litum ásamt púðum í stíl. Þar má sjá fallegan útsaum og eins hefur Kristín saumað myndir í teppið til að skreyta það. Hún hefur líka saumað mörg verk með áströlskum útsaumi og má sjá hluta af einu verka hennar hér.

Þegar Kristín var ung stúlka langaði hana að læra að verða handavinnukennari en það gekk ekki eftir. Systkinin voru mörg

og ekki efni til að senda þau öll í framhaldsskóla. Kristín hefur bætt sér það upp með því að vera dugleg að sækja alls konar námskeið og þá ekki einungis í saumaskap. Hún hefur árum saman stundað myndlistarnám, t.d. í Myndlistarskóla Kópavogs, og núna sækir hún námskeið hjá öldruðum í Gullsmáranum í Kópavogi. Þess má geta



að hún mun eiga verk á sýningu sem verður haldin í Gullsmáranum dagana 5. - 6. maí n.k. „Bróðir minn sagði að ég þyrfti alltaf að vera á námskeiðum“, sagði Kristín og hló, en það er alltaf stutt í hláturinn.

Það var gaman að heimsækja þessa hressu og jákvæðu konu og sjá öll hennar verk: bútasam, prjón, ástralskan útsaum, hluti búna til úr perlum og öll málverkin hennar. Listinn er langur, lífið hefur hún notað til sköpunar, sér og öðrum til gleði.

Margrét Óskarsdóttir



# Amishfólkið

Amish-fólkið tilheyrir þeirri trúar-  
Agrein mótmælenda sem kallast  
mennonitar en mennonítarnir spruttu  
upp úr trúarhreyfingu sem aðhylltist  
kenningu svokallaðra endurskírenda  
sem aftur aðhylltust fullorðinsskírni.  
Mikil áhersla var lögð á það að meðlimir  
safnaðarins blönduðu ekki geði við aðra  
jarðarbúa. Árið 1536 gekk ungur kaþ-  
ólskur prestur að nafni Menno Simons  
til liðs við endurskírendahreyfinguna og  
varð fljótt leiðtogi í sérstökum hópi sem  
kölluðu sig mennonítar. Kaþólikkar og  
mótmælendur álitu þessa hópa trúvill-  
inga og voru þeir oft ofsóttir og teknir af  
lífi ef til þeirra náðist. Á endanum flúðu  
flestir ofsóknirnar í Evrópu.

Árið 1693 klauf Jacob Amman sig  
frá mennonítum ásamt fylgjendum og  
kallaði hópurinn sig Amish-fólkið. Talið



er að fyrsti hópur Amish-fólksins hafi  
komist til Lancastersýslu í Pennsylvaníu  
í kringum 1730 og síðar m.a. til Ohio,  
Illinois og fleiri staða í Bandaríkjunum.  
Nú er talið að söfnuðurinn telji um 250  
þús. manns.

Amish-fólkið er íhaldssamt í klæða-  
burði, karlar eru oftast með svarta hatta  
og láta sér vaxa skegg, þó ekki yfir-  
vararskegg, og þeir klæðast heimasaum-  
uðum, svörtum, einföldum fötum. Kon-  
urnar klæðast gjarnan síðum dökkum  
eða svörtum kjólum, eru með sjal og í  
svörtum sokkum og bera hatta sem eru  
bundnir saman undir höku. Þær nota  
ekki skartgrip. Svarti liturinn táknar  
trúrækni og einfaldan lífsmáta. Lítils  
háttar litatilbrigði eru þó leyfð. Blússur  
og skyrtur eru oft í pastellitum sem tóna



við dökku litina. Sumir söfnuðir leyfa  
jafnvel notkun ljósra og líflegra lita svo  
framarlega sem þeir yfirgnæfa ekki aðal-  
litinn, svart.

Vegna mikillar fjölgunar er farið að  
þrengjast um landrými og því er Amish-  
fólkið, sem var í upphafi bændur, farið  
að feta sig yfir í aðrar atvinnugreinar, s.s.  
rekstur smáfyrirtækja. Ungu fólkið er í  
auknum mæli farið að yfirgefa einangr-  
un sveitanna. Áður fyrr hafði Amish-  
fólkið tekjur af landbúnaði, en nú koma  
um 90% tekna þess frá öðrum atvinnu-  
greinum. Þetta er mikil breyting hjá  
fólki sem ekki notaðist við t.d. rafmagn  
og nútíma landbúnaðartæki. Íhaldssemi  
var og er reyndar enn mikil á mörgum  
sviðum.

Amish-fólkið hélt sig lengi frá öðrum  
þjóðfélagsþegnum þar sem það taldi að  
veraldleg gæði, s.s. rafmagn, bílar, kvik-  
myndir, æðri menntun, svo eitthvað  
sé nefnt, hefði áhrif á trú þess og það  
viðurkenndi ekki listir í lífsmáta þess.  
Það þýddi samt ekki að það kynni ekki  
að njóta þess sem væri fagurt, heldur  
varð það að hafa einhvern tilgang. Því  
hljómar það eins og þversögn að kon-  
ur safnaðarins búi til þessi fallegu teppi  
sem raun ber vitni.

Frá unga aldri aðstoða stúlkur  
mæður sínar við saumaskapinn. Eftir  
því sem þær eldast fá þær meiri ábyrgð.  
Þær fá efnisbúta til þess að skera í teppi  
og þeim er kennt að sauma þá saman  
með smáum, samfelldum sporum.

Tækni sem aðeins næst með margra ára  
æfingu. Ungu stúlkan saumar svo sín  
eigin teppi sem hún tekur með sér þegar  
hún stofnar sitt eigið heimili. Teppin



voru upphaflega notuð til þess að verjast  
kuldanum, þar sem ekki var upphitun til  
staðar og til þess að skreyta heimilin.

Lengstum voru teppin saumuð úr  
einlitum efnum. Smátt og smátt, eftir  
því sem bútasauður varð algengari í  
samfélaginu, bættist við litaflóruna  
og sniðin urðu fjölbreyttari. Þetta var  
ásætlanlegt á meðal safnaðarins, þar  
sem hægt var að koma í veg fyrir að efni  
færu til spillis.

Litanotkun, eins og áður segir, lýtur  
ákveðnum lögmálum innan safnaðarins  
og teppin eiga að vera einföld í uppbygg-  
ingu. Því má ætla að litanotkun tepp-  
anna nú á tímum brjótis í bága við hefðir  
og venjur, en við nánari skoðun má sjá  
að litasamsetning og uppbygging er í


beinu framhaldi af venjum safnaðarins. Dæmigerð Amish-teppi eru oftast dökk og nota dekkri hluta litahringsins, eins og grænt, blátt, rautt og purpurarautt. Gult og appelsínugult er talið vera of áberandi og er því að jafnaði ekki notað.

Sem dæmi um stranga notkun lita má geta þess að hús skulu máluð innandyra með hvítum lit. Söfnuðurnir



börðust meira að segja gegn því að nota appelsínugul varúðarskilti á vagnana sína en urðu að lúta í lægra haldi gegn stjórnvöldum.

Bútasamur Amish-fólksins er orðinn að stóriðnaði og frægur um allan heim. Saumakonur okkar tíma nota rafknúna saumavélar og hægt er að panta sér teppin á vefnum. Þessar tækni-framfarir má rekja til þess að landbúnaðarframleiðsla er töluverð en til þess að selja megi mjólkurafurðir verður að kæla þær. Nú voru góð ráð dýr. Þar sem ekki var leyfilegt að notast við venjulegt rafmagn varð að leita annarra leiða. Rafalar og loftpressur komu í stað venjulegs rafmagns og knýja nú þvottavélar, saumavélar og fleiri rafmagnstæki sem nauðsynleg teljast. Amish-fólkið hefur þannig tekið tæknivæðinguna inn í sitt líf að einhverju leyti. Það má velta því fyrir sér hversu lengi núverandi lífsstíll þess viðgengst. Ungu fólkið er ekki allt tilbúið til þess að hlíta ströngum reglum safnaðarins.



Á bls. 12 er uppskrift að blokkinni hér fyrir ofan ef einhver hefur áhuga á að sauma smápúða eða mynd.

Margrét Óskarsdóttir  
Heimildir eru fengnar af eftirtöldum heimasíðum:  
<http://www.mayamishquilt.com>  
<http://visindavefur.hi.is>  
<http://www.amx.is>

## EQA – sýningin í Birmingham

European Quilt Association (EQA) heldur sína árlegu sýningu í Birmingham, Englandi 15.-19. ágúst n.k. Þar er samsýning eins og venjulega og kallast hún að þessu sinni Krossgötur. Stærð verka er 20x50 cm. Á sýninguna fara 12 verk sem konur í félaginu hafa saumað. Einnig fer eitt verk undir heitinu „Fjölbreytileiki Evrópu“ og er það verkið „Stúlkan mín“ eftir Láru Halldórsdóttur. Verður gaman að sjá hvernig þessi verk koma út með hinum evrópsku verkunum. Þessi sýning er haldin í mjög stórri sýningarhöll og verkin eru af öllum stærðum og gerðum. Þetta er mikil upplifun fyrir áhugafólk um bútasamur og margar hafa gert þar ansi góð kaup. Ég veit um nokkrar sem ætla að fara og vonandi bætist í hópinn. Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á heimasíðu félagsins [www.butasaumur.is](http://www.butasaumur.is)

*F.h. stjórnar Ragnheiður Björnsdóttir*



Laugavegi 59, 2. hæð | 101 Reykjavík | Sími 551 8258  
storkurinn@storkurinn.is | [www.storkurinn.is](http://www.storkurinn.is)



# Húsatöskur



F.v. Erla Esther- og Sigurðardóttir, Björk Arnardóttir, Jóhanna Snorradóttir og Lovísa Jónsdóttir.

Við saumaklúbburinn Ljós-brot kynntumst „Inspiration“-blöðunum í gegnum vinkonu okkar Jóhönnu Snorradóttir í Ljósinu. Árið 2009 byrjuðum við á að gera þrjónatöskur eftir uppskrift úr einu blaðinu. Þegar búið var að bróðera, en töskurnar eru með miklum blómaskreytingum, ganga endanlega frá þeim og koma þrjónunum á



sinn stað vantaði eitthvert verkefni til að dúlla við á rólegum vetrarkvöldum.

Í millitíðinni, áður en við sáum húsa-bókina, gerðu Lovísa og Björk yndislega krúttlegan saumabangsa. Hann var handgerður frá A-Ö, allur bróðeraður í litlum fötum sem geymdu skæri, fingurbjörg og nálar. Bangsinn var einnig úr „Inspiration“-blaði.

Jæja, nú var alvarlega farið að huga að næsta verkefni. Þá kemur Jóhanna með

húsa-töskubókina og sýnir okkur hana. Eftir það varð ekki aftur snúið. Aðdragandi að saumskapnum sjálfum var frekar langur þar sem þurfti að afla mikils magns af alls kyns garni, silkiborðum, perlum, tölum og efni. Við byrjuðum allar á að hafa augun opin fyrir því sem þurfti og tók það þó nokkurn tíma að safna öllu saman. Sumt fengum við hér heima og eitthvað smáræði var pantað á netinu.

Efnið í sjálfa töskuna, ásamt hluta af tölunum, fengum við í Virku, silkiborðana og silkigarnið fengum við hjá Halldóru Arnórsdóttur, sem flutti inn Inspiration-blöðin á sínum tíma. Hún var líka svo góð að gefa okkur afgang af fallegu býflugnaefni sem við notuðum til að fódra býflugnabúin sem eru á einni hlið töskunnar og eru nála-geymsla. Á flakki um Spán fann Erla eyrnalokka með býflugum og stóðst ekki freistinguna að kaupa þá, eingöngu til að nota í töskuna finu. Lovísa fór í kaupstaðarferð upp á Akranes og keypti heilmikið þar. Einnig gaukuðu vinir og ættingjar að okkur ýmsum smáhlutum. Afgangurinn var svo fenginn úr verslunum hingað og þangað um Reykavík að ógleymdu netinu.

Það var svo á milli jóla og nýárs 2010 að við hittumst heima hjá Jóhönnu með allt góssið. Við vorum reyndar búnar að

hittast einu sinni áður þar sem þurfti að lita grunnefnið aðeins. Höfðum tekið okkur kvöldstund til að prufa okkur



áfram með litunina. Svo var spáð og spekúlerað hvar og hvernig við ættum að byrja og að lokum ákveðið að stökkva út í djúpu laugina og byrja á húsunum. Ýmsar spurningar vöknudu en aðallega var þörf á andlegum styrk hver frá annari til að hella sér út í þetta stórkostlega verkefni.


Næstu vikurnar á eftir voru mjög skemmtilegar. Við skiptumst á að sýna hver annarri hvað við vorum búnar að vera duglegar heima. Björk tók svo fram úr öllum og lauk við sýna tösku fyrst og Lovísa fylgdi fast á eftir. Það eru svo skjaldbökurnar í hópnum, Erla og Jóhanna, sem eru enn þá að dútla við sínar töskur, þeim sjálfum til mikillar ánægju.

Saumaklúbburinn Ljós-brot,  
Lovísa Jónsdóttir, Björk Arnardóttir,  
Jóhanna Snorradóttir,  
Erla Esther- og Sigurðardóttir.





# Skraddaralýs



Þetta var mjög skemmtilegt að vinna að þessu skapandi verkefni og gera eitthvað öðruvísi en venjulega. Við erum mjög stoltar af gardínunum okkar.

Við höldum úti heimasíðu þar sem við setjum allt inn sem við erum að gera. Slóðin er <http://skraddaralys.123.is/>.


*Skraddaralýs*

Skraddaralýsnafluttu í nýtt húsnæði, gamla Heiðarskólann, nú um áramótin. Húsnæðið er mjög rúmgott og bjart. Þar eru þrjú gluggar sem vantaði gardínur fyrir og kom sú hugmynd upp að sauma eitthvað skemmtilegt fyrir þá.

Við erum 8 sem hittumst og saumum saman einu sinni í viku og var hafist handa á einum saumadegi um að finna til alls konar afgangsbúta sem voru saumaðir í ræmur og síðan skornar þvers og krus, bara eitthvað út í loftið.

Fyrst saumuðum við þessar flottu kerlingar, eina á mann, með pappírssaumsaðferð sem við lærðum í leiðinni. Þá hófst sköpunin fyrir alvöru. Það var hæfilegt að hafa 3 kerlingar í hverjum glugga. Svo var bara bætt við þangað

til gardínurnar pössuðu fyrir gluggann. Þess má geta að þegar við erum að sauma þá snúa kerlingarnar inn, en þegar engin er að sauma snúa þær út svo að þær sjáist vel að utanverðu.



# Þokkablokk

Átt þú fullt af þokapökkum (5" charm-pack ferningar) og veist ekkert hvað þú átt að gera við þá? Eða áttu fullt af bútum sem þú gætir sneitt niður í 5" ferninga? Hér er einföld og skemmtileg blokk sem hægt er að leika sér með og útbúa lítil sem stór verkefni, frá þúðum upp í stór teppi

- Að sjálfsgöðu er hægt að nota hvaða stærð sem er af ferningum en hér eru notaðir 5" ferningar.
- Hægt er að leika sér með þessar blokkir, t.d. að nota fimm ljósa ferninga og fjóra dökka eða öfugt; fimm ljósa og fjóra dökka. Þá er t.d. hægt að nota fjóra dökka ferninga í öllum hornum en alla hina ljósa.
- Þegar blokkirnar eru saumaðar saman er hægt að sauma þær eins og þær eru tilbúnar eða sauma t.d. kant á milli þeirra
- Möguleikarnir eru endalausir!



- 1) Veljum níu ferninga og saumum þá saman 3x3. Í dæminu hér notaði ég fimm dökka og fjóra ljósa ferninga



- 2) Skerum blokkina nú í tvennt fyrir miðju, bæði lárétt og lóðrétt. Hér þarf að gæta þess vandlega að skera nákvæmlega í miðjuna og að búturnir hreyfist ekkert á meðan þið skerið. Mér finnst best að mæla út miðjuna, jafnvel strika hana fyrir hverja blokk.

Nú erum við með fjóra ferninga



- 3) Og þá er komið að þessu skemmtilegasta! Nú tökum við tvo af þessum fjórum ferningum, efri hægri og neðri vinstri og snúum þeim í 180°, sjá mynd. Við hreyfum ekkert við hinum tveimur.





- 4) Nú saumum við ferningana aftur saman til að mynda eina þokkablokk!



Þennan dúk saumaði ég úr níu svona blokkum og setti þær saman með 2,5" kanti á milli

Til að fá fleiri hugmyndir að samsetningum bendi ég ykkur á að fara á Internetið og gúggla "Disappearing nine patch". Það er ótrúlega gaman að sjá hvað teppin breytast eftir því hvernig efnum er raðað saman.



Góða skemmtun og gangi ykkur vel :)

Berglind Snæland

# Skurður fyrir Amish-körfu

Skurðurinn miðast við að nota meðfylgjandi leiðbeiningar fyrir þríhyrninga. Þegar búíð er að sauma þá saman með þessari aðferð eiga þeir að vera  $2\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$ . Þ.e.a.s. þeir eiga að vera  $3 \times 3$  áður en þeir eru saumaðir við næstu búta. Skerið bútaana aðeins stærri en nauðsynlegt er svo auðveldara sé að laga þá til eftir að búíð er að sauma þá.



Veljið hvaða liti sem þið viljið, en uppgefin mál m.v. litina í körfunni sem er á myndinni hér t.h.

**Rautt:** (4)  $3\frac{3}{8} \times 3\frac{3}{8}$  ferningar.

**Ljósgrænt** (4)  $3\frac{3}{8} \times 3\frac{3}{8}$  ferningar; (1)  $3 \times 3$  ferningur; (2)  $3 \times 10$  rétthyrningar; (1)  $5\frac{7}{8} \times 5\frac{7}{8}$  ferningur skorinn í þríhyrning (það verður einn auka þríhyrningur í afgang).


**Dökkblátt:** (1)  $10\frac{7}{8} \times 10\frac{7}{8}$  ferningur, skorinn í þríhyrning (það verður einn auka þríhyrningur í afgang).

**Svart:** (1)  $5\frac{7}{8} \times 5\frac{7}{8}$  ferningur, skorinn í þríhyrning (það verður einn auka þríhyrningur í afgang). (1)  $3\frac{1}{2} \times 3\frac{1}{2}$  ferningur.

**Ljósblátt:** (4)  $3\frac{3}{8} \times 3\frac{3}{8}$  ferningar, skerið **tvo** af þeim í þríhyrninga.

**Milligrænt:** (2)  $3\frac{3}{8} \times 3\frac{3}{8}$  ferninga.

**Þríhyrningar:** Leggið tvo búta af sitt hvorum litnum saman á réttunni.



Strikið eftir miðju og strikið með  $\frac{1}{4}$  saumfari sitt hvorum megin við strikið. Saumið saman á línunum sitt hvoru megin við miðjúlínuna. Skerið bútaana í sundur eftir miðjúlínunni og strauðið saumfarið út á dekkra efnið.



Skerið hornin (hundaeyrun) í burtu. Raðið stykkjunum saman eins og sýnt er á myndinni og saumið saman. Það er hægt að leika sér með þessa



blokk á marga vegu, t.d. að sauma fjórar blokkir og raða þeim saman, þannig að þær myndi fjögur horn, þá er kominn fallegur dúkur.

Góða skemmtun  
Margrét Óskarsdóttir

## Hetjuteppi

Kæru félagar, enn er tími til að skvera sig í að sauma teppi. Khanda Hetju til að gefa langveiku barni í vor. Í fyrra voru 53 teppi afhent fyrir hönd Íslenska bútasamsfélagsins til Umhyggju, félags langveikra barna. Ragna Marinósdóttir formaður Umhyggju sér um að afhenda teppin til barnanna.

Til þeirra sem gefa teppi í ár viljum við minna á skilafrest sem er viku fyrir aðalfund, í síðasta lagi 7. maí.

**Skila má teppunum til nefndarinnar:**

Dagbjört sími 865 3347, Borghildur sími 659 9765, Guðrún sími 895 4648, Pálína sími 861 6053.

Teppin verða til sýnis á aðalfundi félagsins 12. maí.

Kær kveðja,  
Dagbjört Guðmundsdóttir



# Bókaumfjöllun

Það getur verið gaman að fá ögrandi viðfangsefni, sérstaklega eins og það sem ég fékk frá Sigrúnu Sólmundardóttur, Skraddaralús, Belgsholti, Melasveit. Ég neyddist til þess að leggja höfuðið í bleyti og velta því fyrir mér hvaða bók eða blað væri í upphaldi hjá mér.

Ég hef kennt textílmennt í 26 ár og verð að viðurkenna að bútasamur hefur ekki verið mikið á dagskrá í skólunum þó svo að ég hafi komið honum svolítið inn hjá nemendum mínum, sérstaklega þeim sem eldri eru. Meiri áhersla hefur verið lögð á þrjón og fatasam. Sjálf hef ég haft mjög gaman af bútasami eftir að ég byrjaði að einhverju ráði og er þá gjarnan saumað í góðum félagsskap með konum úr uppsveitum Borgarfjarðar.

Val á bók var í rauninni ekki erfitt, upphaldsbókin mín í þessum fræðum er **Underground Railroad sampler** eftir Eleanor Burns og Sue Bouchard. Ég hef notað bókina talsvert bæði heima og í kennslu. Þar segir frá þeim földu táknum eða merkjum sem felast í hinum ýmsum bútasamsaðferðum. Bókin er byggð upp á munnmælasögu frá því í þrælastríðinu og segir sagan að teppi með þessum „merkjum“ hafi verið hengd út fyrir utan hús eða í glugga og var tilgangurinn með því að gefa þrælum sem voru á flóttu frá suðri til norðurs merki um hvar væri einhverja aðstoð að fá, húsaskjól eða mat að finna

á þeirri löngu leið sem fram undan var í frelsið í norðri.

Sagan er á þessa leið: „**The Monkey Wrench** turns the **Wagon wheel** toward Canada. With help from Jesus, the **Carpenter**, follow the **Bears' trail** through the woods. Fill your **Baskets** with enough food and supplies to get you to the **Crossroads**. Once you get to the **Crossroads**, dig a **Log Cabin** in the ground. **Shoofly** told us to dress up in cotton and satin **Bow Ties**. Follow the **Flying Geese** and **Birds** in the Air, stay on the **Drunkard's path**.


Take the **Sailboat** across the Great Lakes to the **North Star** above Canada.“

Í lauslegri þýðingu hljómar sagan svona:

Apaklóin (aðalmaðurinn í þrælahópnum) er upphafið að frelsinu til Kanada. Með aðstoð frá Jesú getur apaklóin fylgt þér eftir slóð bjarnarins í gegnum skóginn. Fylltu körfuna þína af nauðþurftum og mat svo þú komist að krossgötunum. Þegar þangað er komið

búðu þér til felustað neðanjarðar. Klæddu þig í falleg fót og fylgdu hinum fljúgandi gæsnum og fuglum himinsins og gættu þess að fela slóð þína. Taktu seglbátinn yfir hið mikla vatn í átt að pólstjörnunni yfir Kanada.


Í bókinni eru mjög góðar vinnuleiðbeiningar og hún er sett fram á



sjónrænan hátt. Verkefnið eða mynstrin eru alltaf í tveimur stærðum 6” og 12” feringum. Ég hef notað þessa bók til þess að æfa mig og búa til litla hluti eða stykki. Þetta er fyrsta alvörubókin sem ég eignast í þessum efnunum og sennilega varð hún fyrir valinu vegna leiðbeininganna í henni. Ætli ég hafi ekki skoðað hana með augum textílkennarans þegar ég keypti hana. Bókin er byggð upp á 14 aðferðum sem eru settar fram á skýran og góðan hátt.

Jafnvel þó svo að sögurnar í henni séu að einhverju leyti uppspuni þá er einhver ævintýrlegur blær yfir þeim og allt í lagi að halda þeim við. Að lokum vil ég skora á hana Eddu Soffiu Karlsdóttur í Handavinnuhúsinu í Borgarnesi að skrifa um sínar upphaldsbækur.

Björg Ólafsdóttir




# Opnar gæsir

Opnar gæsir eru þeirrar náttúru gæddar að ekki þarf að skera nein horn af þeim. Þær gefa teppinu ákveðna þrívídd en ef maður vill ekki hafa þær opnar er hægt að loka þeim eftir á þegar teppið er stungið. Þá er opni kanturinn á þeim einfaldlega stunginn niður. Þetta er þægileg og fljótleg leið til að sauma gæsir. Ekki fellur neitt efni af sem einhverjum þykir kostur, öðrum þó ókostur ef þær vildu nota afskurðinn í þríhyrningaferninga

**ATH!** að engar breytingar eru gerðar á stærðum búta sem mynda gæsirnar. Haldið ykkur við uppskriftina sem þið eruð að sauma eftir, þið breytið bara aðferðinni. Sem dæmi: ef í uppskrift stendur að þið eigið að skera fyrir hverja gæs **einn bútt** **2½" x 4½"** og **tvö 2½"** feringa þá haldið þið ykkur við það en saumið þær aðeins öðruvísi saman en gefið er upp.



- 1) Þetta dæmi miðast við að í uppskrift hafi verið gefið að skera ætti **einn bútt** **2½" x 4½"** og **tvö 2½"** feringa í eina gæs




- 2) Við byrjum á að leggja annan 2½" feringinn niður. Réttan snýr upp



- 3) Þá brjótum við langa búttinn saman til helminga með röngurnar saman.




- 4) Hér þarf að gæta þess að brotið á langa bútinum (rauða doppótta) sé vinstra megin og að hann sé lagður samsíða ferningnum hægra megin. Við það sést aðeins í neðsta ferninginn vinstra megin.



- 5) Að lokum er hinn ferningurinn lagður ofan á með rönguna upp. Þá er komin samloka.



- 6) Athugið! Nú er tilhneiging okkar kannski að sauma saman hægri hliðina en það á ekki að gera!!  
Hér á að sauma efri jaðarinn eins og rauða brotalínan á myndinni sýnir.



- 7) Þá er hægt að opna gæsina og pressa hana í sundur



- 8) Og hér er gæsin tilbúin!





# Bútasaumsklúbburinn Ölfurnar

Bútasaumsklúbburinn Ölfurnar saman stendur af 9 konum, þeim Elísu Friðjónsdóttur, Hrafnhildi Svavarsdóttur, Helgu Stefánsdóttur, Ölfu Sverrissdóttur, Pálínu Árnadóttur, Margrėti Sigurgeirsdóttur, Bergþóru Ragnarsdóttur, Halldóru Þormóðsdóttur og Þórunni D. Oddsdóttur. Upphafið að kynnum þessara kvenna var á námskeiðum. Klúbburinn hittist einu sinni í viku mestallt árið, en nú í seinni tíð hafa þær tekið sér jóla- og sumarfrí. Tvisvar á ári, haust og vor, taka þær saumahelgar og fara í Steingrímsstöð. Einnig hafa nokkur samskipti verið við Skráddaralýsnar, en það er klúbbur á Hvalfjarðarströnd.

Saumahelgi var í Steingrímsstöð um miðjan mars sl. Á fimmtudagskvöldið voru sjö konur mættar Margrét, Pálína, Hrafnhildur, Halldóra, Helga, Elísa og Þórunn en Alfa, sem býr í Þýskalandi, gat ekki verið með að þessu sinni. Hún er ansi dugleg að koma og vera með okkur þessar saumahelgar miðað við búsetu. Bergþóra komst ekki heldur að þessu sinni.

Þegar konurnar höfðu skoðað hver hjá annarri hvað þær hefðu sett sér fyrir þessa helgina, voru fótstigin stigin af krafti þó mishratt hjá sumum því þrjónar höfðu læðst með í þetta skiptið.

Oft hafa hetjuteppi verið saumuð sem hliðarverkefni þessar helgar en



í ár var því ekki til að dreifa. Eins hafa stundum verið unnin ákveðin verkefni sem Pálína hefur átt frumkvæði að, og komið vel undirbúin til leiks. Kemur þá vel í ljós hvað litir og samsetning geta breytt útkomunni þegar hver kona velur sér efni, óháð hinum. Margrét er dugleg að sækja á netið og njótum við hinar góðs af því.

Hrafnhildur saumaði óvissufermingarteppe sem kom að lokum alveg ótrúlega flott út og skipti þar upp-röðun á litum miklu mál. Margrét lauk

hjartarúmteppinu sínu en hún hefur unnið að því um hríð. Þá saumaði hún tvö barnateppi, byrjaði á blómateppi eftir „Pam Bono“ sniði af netinu en hápunkturinn var hjá henni þegar hún tók upp neyðarpakkann sem hefur fylgt henni í nokkurn tíma en ekki verið þörf fyrir að nota hann fyrr en núna. Helga fullgerði teppi á rúmið sitt, setti saman barnateppi og byrjaði á laufadúk sem hún hefur verið að safna laufaefnum í í nokkur ár. Grunnurinn verður dökkur og það verður mjög spennandi að sjá hann fullunninn. Halldóra var einnig að sauma fermingarteppe og fleira sem hún







var byrjuð á áður. Pálína fékkst við teppi sótt á netið, Pam Bono, ljós grunnur og gráir tónar. Þetta teppi verður flott en það heyrðust ansi oft stunur frá henni og taut: „Það sést ekki að ég geri neitt“. Skiljanlegt þar sem eru mörg smá horn og mikill skurður. Hjá Elísu voru þrjónarnir iðnir þar sem hún kepptist við að klára herrapeysu en einnig greip hún í vinnu við rúmteppi eftir gömlu Pam Bono sniði. Þórunn saumaði flöskupoka og eina blokk í blómateppið eins og Margrét var með en hún varð að skjótast suður á fundi og var því tími hennar styttri en hinna.

Ölfurnar eru svo heppnar að hafa Halldóru og Hrafnhildi í þessum hóp þar sem þær eru með Saumasporið og taka að sér að vélstinga fyrir konur. Það er ómetanlegt fyrir hinar að geta alltaf fengið góð ráð hvað stungu varðar og svo kenndi Halldóra á námskeiðum í bútasaumi hér áður.

Farið var í heita pottinn reglulega til að mýkja spennta vöðva og ræða það sem helst var í síðasta fréttatíma því að

anlegar og þær þjappa hópnum saman. Hvet ég sem flesta klúbba til að fara út úr hinu daglega amstri og vinna saman að sínum áhugamálum.

Það voru þreyttar en sælar konur sem kvöddust í Steingrímsstöð seinni

Helga passaði upp á að taka fréttir og veður reglulega og miðla til okkar hinna.

Þessar saumahelgar hjá okkur eru ómet-

part sunnudags og strax farnar að spá í hvenær hægt verði að panta orlofshúsið fyrir haustið.

Ég læt hér fylgja slóðina af Pam Bono síðunni [www.pamsbono.com](http://www.pamsbono.com). Undir henni er bæði hægt að fá frí snið og eins að gerast meðlimur í „Pamsclub“. Þá er margt annað í boði. Sjón er sögu ríkari.

*Þórunn D. Odddóttir*



[www.butasaumur.is](http://www.butasaumur.is)



# Lótusblóm

Lótusblómið er af ætt vatnalilja. Lótusblómið er sérstakt, það lokast að kvöldi og opnast svo fagurlega að morgni og breiðir út blöð sín. Þetta er blóm sem vex í óhreinu vatni og ber fögur blóm á yfirborðinu, fyrst þekkt hjá Egyptum með sögnum um að sólar-guðinn hafi risið upp úr lótusblómi sem barn og komið þaðan til manna. Í búdd-isma og hindúisma er lótusblómið tákn um fullkomnun, gjarnan sýnt sem und-irstaða fyrir guðamyndir. Það er tákn

um þroska lífsins frá kvöl fæðingarinnar til rósemi og þroska ellinnar.

**Efni: Ferningslaga blað, servíétta eða efni.**

Byrjum á að finna miðjuna. Brjótum síðan öll hornin inn að miðjunni og svo aftur, á sömu hlið. Snúum blaðinu við og brjótum hornin þeim megin einu sinni að miðju. Síðan snúum við hornunum þeim megin frá sem tvíbrotið var, upp og í klútinn, **þarf að festa brotið með**

**tvinna svo það renni ekki sundur.** Síðan tökum við seinni hornin undan og brjótum þau líka upp. Þá er lótusblómið komið. Raða má saman mörgum slíkum og mynda bútasauksteppi til dæmis á vegg. Mikið notað í sérvíttubrot og afskaplega fagurt úr pappír. Þetta er ein gerð af mörgum.

*Björn Finnsson  
Origami Ísland*



Mynd 1. Finna miðju með því að brjóta búiðinn saman horn í horn.



Mynd 2. Brjóta öll horn inn að miðju.



Myndir 3. Brjóta öll horn aftur inn að miðju.



Mynd 4. Snúa við.



Mynd 5. Brjóta öll horn inn að miðju.



Mynd 6. Brjóta aðeins upp á hornin.



Mynd 7. Lyfta hornunum varlega upp.



Mynd 8. og yfir.



Mynd 9. Þá á blómið að líta svona út.





Mynd 10. ... og svona séð að ofan.



Mynd 11. Hér er búið að brjóta upp öll hornin.



Mynd 12. Hvolfa og brjóta hornin upp á við. Laga þau aðeins til svo þau fari vel.



Mynd 13. Hér sést neðra hornið eftir að búið er að brjóta það upp á við.



Mynd 14. Laga blöðin aðeins til og blómið er tilbúið.

# 140 ár af töfrandi nýjungum

Einu sinni var, eða nánar tiltekið árið 1869, var stofnuð konungleg vopnaverksmiðja við fossana í litlu borginni Husqvarna í Svíþjóð. Bestu framhlaðningar og rifflar voru framleiddir þar og notaðir af konunglegu hersveitunum þegar unnið var að því að leggja undir sig Evrópu.

Með árunum urðu stýrjaldir sjaldgæfari og fyrirtækið fór að leita að öðrum hlutum til að framleiða. Árið 1872 ákvað stjórn fyrirtækisins að byrja að framleiða saumavélar og þá sá fyrsta saumavél **HUSQVARNA NORDSTJERNEN** (NORÐURSTJARNAN) dagsins ljós.

Tíu árum seinna náði saumavélin **FREJA** tafarlausri velgengi.

Hún gat saumað fallega hönnuð bein spor, eitthvað sem fyrri vélar gátu ekki gert.

Eftir því sem árin liðu urðu **HUSQVARNA VIKING** saumavélnar þekktar fyrir frábæra hönnun og tímasparandi aðgerðir sem gerðu eigendum vélnanna kleift að hafa gaman af því að vinna á vélarnar. Þetta á enn við í dag því fyrirtækið hefur yfir að ráða fjölda tæknilegra einkaleyfa sem standa fyrir nýjungagjöllum tímamótum í hönnun saumavéla.


Fyrir þrjú hundruð árum reyndi Svíþjóð að leggja Evrópu undir sig, en í dag hafa **HUSQVARNA VIKING** sauma og útsaumsvélnar lagt heiminn að fótum sér.



**HUSQVARNA TRIBUTE** er sett á markað til að fagna 140 ára afmæli Husqvarna og er framleidd í takmörkuðu upplagi.

**Takk fyrir að vera þátttakandi í saumaskap!**

# Blokkahappdrætti




Nr. 1

Sniðið: 1 x 2 ½ x 2 ½ bít úr ljósu efni, miðja, efni 1.  
2 x 2 x 2 ½ úr efni 2. 2 x 2 x 5 ½ úr efni 2.  
2 x 3 x 5 ½ úr efni 3. 2 x 3 x 10 ½ úr efni 3.



Nr. 2

Saumið 2 x 2 ½ bítana við miðjuna. Muna að strauja saumana út á dökka/dekkra efnið.



Nr. 3

Saumið 2 x 5 ½ bítana ofan og neðan við miðjubítana. Muna að strauja saumana út að dekkra efninu.



Nr. 4

Saumið efni 3, 3 x 5 ½ á hliðar ferningsins. Muna að strauja saumana.



Nr. 5

Saumið síðustu bítana, 3 x 10 ½, ofan og neðan á ferningin. Munið að strauja saumförin.

Blokkin á að vera 10 ½ tomma og er það með saumförum.

Það má líka hafa blokkina með öðru sniði t.d. með aflangri miðju, bara í tveim litum, aðal atriðið er að hún sé 10 ½ tomma í lokin.

Þegar búið verður að sauma blokkina saman við fleiri verður hún 10 tommur og er það endanleg stærð blokkarinnar.



# Bútasaumssamkeppni Gütermann og Storkisins

Haustið 2011 stóð Storkurinn fyrir bútasaumssamkeppni í samstarfi við þýska tvinnaframleiðandann Gütermann. Storkurinn selur nokkrar tegundir af tvinna frá Güterman, m.a. sérstakan tvinna fyrir vél- og handstungur. Hugmyndin að samkeppninni kviknaði í samræðum við fulltrúa Gütermann á Norðurlöndum, Inger Delfts, en hún kom til landsins í október og sat í dómnefndinni ásamt formanni Íslenska bútasaumsfélagsins, Lovísu Jónsdóttur, og undirritaðri.

Þemað sem varð fyrir valinu var FERÐALAG. Okkur þótti það nægilega vítt til að allir gætu fundið eitthvað viðfangsefni, hlutlægt eða huglægt, til að ríma við það. Þátttakendur keyptu bútafni og stungutvinna í lit að eigin vali og var skilyrði að nota bútinna að hluta og tvinnann á sýnilegan hátt. Verkin áttu að vera 180 til 200 cm að ummáli.

Þrettán verk bárust í keppnina og komu þau flest af höfuðborgarsvæðinu en einnig nokkur utan af landi og tvö frá útlöndum. Skemmtileg fjölbreytni einkenndi verkin og dómnefndarinnar beið ærið verkefni. Fyrstu verðlaunin voru stór tvinnaaskja frá Gütermann með 64 tvinnaeflum (andvirði 35.000 kr.) og gjafabréf frá Storkinum fyrir 15.000 kr. Önnur verðlaun voru tvinnaaskja frá Gütermann (andvirði 5.000

kr.) og gjafabréf frá Storkinum að upphæð 10.000 kr. Þriðju verðlaun voru tvinnaaskja frá Gütermann (andvirði 5.000 kr.) og gjafabréf frá Storkinum að upphæð 7.500 kr.

## Verðlaunaverk og höfundar þeirra:

1. verðlaun STIKLUR eftir Láru Hjördísi Halldórsdóttur, Reykjavík
2. verðlaun TIL TÖLULANDSINS eftir Guðnýju Benediktsdóttur, Kópavogi
3. verðlaun ÞAR SEM RAUNVERULEIKINN ENDAR eftir Kristínu Örnólfsdóttur, Ísafirði

Verkin héngu til sýnis í Storkinum út októbermánuð.

Við verðlaunaafhendinguna hélt Inger kynningu á tvinna og fræddi okkur m.a. um hve ótrúleg þróun hefur átt sér stað í tvinnaframleiðslu undanfarin ár. Margar okkar hafa litið svo á að bómullartvinni væri sá eini rétti til að nota í bútasaum, en hún benti á að hann væri kannski bestur í stungur enda til í ótal litbrigðum. Póliestertvinninn er hins vegar finni þráður og teygjanlegur sem þýðir að hann er sterkari. Hann teygist ef á hann reynir á meðan bómullartvinninn slitnar við átak. Þess vegna er betra að nota póliestertvinnann í beina, langa

sauma. Handstungutvinninn er svo alveg sér á báti því utan um hann er sérstök húð svo hann renni betur í gegnum efnið. Hann hentar ekki í vélsaum. Það er gott að vita að það er engin stöðnun í þróun tvinna og annars sem við þurfum að nota í



1. verðlaun STIKLUR eftir Láru Hjördísi Halldórsdóttur frá Reykjavík.



2. verðlaun TIL TÖLULANDSINS eftir Guðnýju Benediktsdóttur frá Kópavogi.



3. verðlaun ÞAR SEM RAUNVERULEIKINN ENDAR eftir Kristínu Örnólfsdóttur frá Ísafirði.



Lára fyrir framan vinningsverkið.

saumaskapinn.

Í lokin er rétt að geta þess að bandaríska fyrirtækið Sulky sameinaðist Gütermann og er Sulky nafnið enn notað á tvinnann í USA, enda vel þekkt vörumerki, en í Evrópu er sami tvinninn undir nafni Gütermann.

Guðrún Hannele Henttinen  
hjá Storkinum

# Fræðsluhornið - Nálar

## Almennt um nálar

Reynslan er auðvitað besti skólinn þegar meta skal hvaða nál hentar í sérhvert verkefni. En það er samt nauðsynlegt að vita hvað er í boði og prófa sig áfram. Í stuttu máli má segja að tegund verkefnisins ræður lögum nálarinnar, þráðurinn ræður stærð augans og grófleikinn ræðst af þéttleika efnisins sem sauma skal.



## Handsaumsnálar

Það eru til ótal tegundir af nálum fyrir alls kyns handavinnu. Hér er listi yfir helstu heitin á ensku og hvað þau þýða:

**Ball Point** nálar eru með rúnnuðum oddi og henta í saum í teygjuefni og þrjúnuð efni.

**Beading** nálar eru langar og finar perlunálar. Augað er lítið og kringlótt og þessar nálað eru notaðar til að festa perlor, pallíettur og annað skraut.

**Chenille** nálar eru með stór augu og beittan odd. Þær eru fyrir allan almennan útsaum og borðaútsaum.

**Crewel** nálar eru með langt auga og beittan odd og eru notaðar í almennan útsaum, enda þarf stærra auga fyrir margar tegundir af útsaumsgarni.

**Doll** nál er mjög löng nál með stórt auga fyrir dúkku- og bangsasaum og bólstrun.

**Easy Threading** eru sjálfþræðandi nálar með opi fyrir ofan augað þannig að ekki þarf að þræða nálina heldur er þræðinum smokrað niður raufina fyrir ofan augað.

**Embroidery** er nál með oddi og löngu auga fyrir allan almennan útsaum.

**Glovers/Leather** nál er með beittum og fleyglaga oddi til að nota í leður-saum.

**Milliners** löng nál með litlu, kringlóttu auga til að nota í rykkingar, fellingar, þræðingu og hattasaum.

**Quilting Betweens** er stutt nál með kringlóttu auga fyrir handstungu og annan fingerðan handsaum.

**Sharps** almenn saumnál með beittum oddi, notið í handsaum og ásaum (applikeringu).

**Tapestry** eru oddlausar nálar með stóru auga sem við köllum jafanálar. Notaðar í allan útsaum í jafa eða stramma þar sem sporin eru talin út s.s. krosssaum. Einnig notaðar til að ganga frá endum og sauma saman þrjúnes.

**Yarn Darners** eru langar, grófar nálar með oddi sem við köllum stoppunálar. Þær henta t.d. í viðgerðir.


Eins og sést á þessari upptalningu þá er til mikið úrval af nálum frá mörgum framleiðendum. Nokkrir framleiðendur merkja nálarnar þannig að vísað er til þeirrar tækni sem á að nota. Sem dæmi má nefna að ásaumsnálar eru merktar sem *Application needles* og stungunálar sem *Quilting needles*. En flestir framleiðendur nota bara almenn heiti eins

og eru í listanum hér fyrir ofan og láta okkur eftir að vita hvað hentar í hvað.


Almennt séð eru nálar hannaðar fyrir mismunandi tegundir af þráðum og efnum. Augun eru ólík að lögun, lengd nálarinnar er mismunandi og oddurinn er ýmist beittur eða sljór. Við tölum yfirleitt um nálar með oddi eða oddlausar nálar.

Rétt er að hafa í huga að flokkanir á nálum eru almennar og að hver og ein verður að velja nál sem henni hentar. Til þess að komast að því hvað hentar þarf að þekkja muninn og prófa. Sem betur fer eru nálar ekki það dýrar að við getum leyft okkur að eiga nokkrar gerðir.

Algengustu nálar sem eru notaðar eru í bútasami eru svokallaðar „betweens“ Þær eru sterkari en venjulegar saumnálar. Augað í þeim er lítið svo nálin geti runnið átakalaust í gegn þegar saumað er. „Between“-nálar þurfa að komast í gegnum mörg lög af efnum án þess að bogna eða brotna. Þess vegna eru þær hafðar styttri en venjulegar saumnálar. Þær eru til í stærðum 9, 10, 11 og 12. Nr. 9 er grófst og 12 finust.







Grófleikinn er valinn eftir efninu sem á að sauma í gegnum. Því þéttar sem efnid er ofið, þeim mun finni þarf nálin að vera.

### Saumavélanálar

Sagt er að nálin sé mikilvægasti hluti saumavélarinnar, en um leið sá hluti sem fæstir gefa gaum. Algengt er að sama nálin sé notuð í hvert verkefnið á fætur öðru þar til hún brotnar og endurnýja þarf nálin.

Saumavélanálin hefur mikil áhrif á sporin og góð nál, sem hæfir verkefninu, á að tryggja jöfn og falleg spor. Það er nauðsynlegt að skipta nállum út sem eru orðnar slitnar og bíta ekki lengur

60 sem eru finastar og upp í 120 sem eru grófastar.

Aðrar tegundir af saumavélanálum eru t.d. nálar með kúluoddi eða bljúgum oddi sem eru fyrir þrjú og teygjanleg efni svo að nálin kljúfi ekki þráðinn. Grófari nálar eru með rúnnaðri oddi. Nálar með fleyglaga oddi eru fyrir leður og gervileður sem gerir oddinum kleift að stinga lítið gat sem lokast svo strax aftur. Þá eru til sérstakar QUILTING nálar sem eru þannig hannaðar að þær komast auðveldlega í gegnum mörg lög af efnum og minnka líkurnar á að vélin hoppi yfir spor. Þessar nálar eru með mjórri legg en venjulegar nálar.

Með tilkomu mikils úrvals af alls

vel svo að þær skemmi ekki efnið. Það getur t.d. verið nauðsynlegt að skipta nokkrum sinnum um nál þegar stór teppi eru stungin. Algengustu nálar eru merktar UNIVERSAL eða REGULAR.

Þær fást í stærðum frá

kyns skrauttvinna skiptir máli að velja rétta nál svo saumaskapurinn gangi snurðulaust fyrir sig. Þess vegna eru komnar á markaðinn nálar sem eru með stærra auga og ráða við ólíkar tegundir af útsaumstvinna úr rayon, polyester o.fl. Nefna má EMBROIDERY nálar og TOPPSTITCH nálar sem vert er að skoða í þessum tilgangi.

En hvaða grófleika af nál á að nota? Þar ræður þykktin á efninu sem sauma skal. Meðalgrófleiki á saumavélanálum er nr. 90. Þær eru mest notaðar í meðalþykk efni. Ef efnin eru þunn og viðkvæm þarf finar nálar, nr. 60-70. Þykkustu efnin, eins og denim eða gallaefni, þykk kakíefni og áklæði þarfnast nála nr. 100-110. Á þessu sést að það er um að gera að nota allan skalann af grófleikum nála eftir því hvernig efnin eru sem á að sauma því að nál er ekki sama og nál!

Samantekt eftir

Guðrúnu Hannele Henttinen

## Fréttatilkynning frá „Munaðarleysingjunum“

Eins og fram kom í tilkynningu frá mér féllu „munaðarleysingjarnir“ niður sökum húsnæðisskorts og voru ekki starfandi haustið 2011. Við fengum aftur húsnæðið að Nethyl 2, eftir áramótin 2012 og höfum hist frá því í febrúar.

Mæting hefur verið góð, 8 til 12 konur sem hafa notið þess að sauma og spjalla, skoða blöð og bækur, miðla af reynslu sinni og læra hver af annarri.

Ekki er annað að heyra á þeim sem mætt hafa, en að þær óski þess að framhald verði á þessum samverustundum næsta vetur.


Sjáumst hressar  
Sigriður Poulsen (Sirrý)

## Sýning í Perlunni

Ákveðið hefur verið að halda sölu- og kynningarsýningu í Perlunni dagana 31. ágúst til 3. september 2012. Margar félagskonur eiga lager af verkum sem þær hafa saumað í gegnum tíðina og ekki haft not fyrir eða komið í verð. Er ekki kominn tími á að losa skúffur og skápa þannig að hægt sé að sauma nýtt í þá?

Ætlunin er að einstaklingar eða hópar verði með bása þar sem þeir geti selt verk sín eða jafnvel kynnt sig og komist í samband við fólk sem langar til að eignast bútasamsverk. Að gefnu tilefni er tekið fram að aðeins skal vera með verk tengd bútasami, ekki annað handverk. Lágmarksgjald verður tekið fyrir aðstöðuna.

Skráning verður að berast fyrir 15. júlí til Svölu Stefánsdóttur, netfang: gagga@centrum.is eða í síma 863 1414.



*Húsatöskur.*